

INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2023, fimmtudaginn 7. september var haldinn 121. fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal og hófst kl. 13:00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar Pawel Bartoszek, Björn Gíslason og Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir. Hjálmar Sveinsson og Sandra Hlíf Ocares og sátu fundinn í fundarsal. Einnig sat fundinn með fjarfundarbúnaði Ástríður Scheving Thorsteinsson og Vignir Már Sigurjónsson í fundarsal. Fundarritari var Margrét Lilja Gunnarsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviði, dags. 4. september 2023, þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda Reykjafell ehf. í EES samkeppnisútbóði nr. 15823 – Endurnýjun umferðarljósa.
Samþykkt.

Guðni Guðmundsson, Grétar Ævarsson og Nils Schwarzck taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram yfirlit velferðarþjónustu, dags. 29. ágúst. 2023, varðandi einstök innkaup yfir 5. m.kr. fyrir tímabilið janúar til júní 2023 með vísan í 3. og 4. mgr. 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Fundi slitið kl. 13:11

Hjálmar Sveinsson

Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir
Björn Gíslason

Pawel Bartoszek
Sandra Hlíf Ocares